

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GBI</u>
18. feb. 2015
<u>8.14.1</u>
Tilv. <u>UST2013/200037</u>



Vopnafjarðarhreppur
Ólafur Áki Ragnarsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

UMHVERFIS- OG
AÚDLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 17. febrúar 2015
Tilv.: UMH13120016/20-1

Vísað er til erindis Teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun frá 3. desember 2013 f.h. Vopnafjarðarhrepps þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til fyrir urðunarstaðinn við Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi.

Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 6. desember 2013 í samræmi við 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í umsögn Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins dags. 18. desember 2013 kemur fram að hinn 25. september 2012 hafi ráðherra veitt Vopnafjarðarhreppi undanþágu frá starfsleyfi til að reka urðunarstaðinn á Búðaröxl á meðan unnið væri að útgáfu nýs starfsleyfis, en þó eigi lengur en til 1. janúar 2014. Samkvæmt erindinu sem hér sé til umfjöllunar hafi vinna við mat á umhverfisáhrifum tekið lengri tíma en áætlað var, m.a. vegna vinnu við jarðvegsrannsóknir, en gert sé ráð fyrir að endurbætt frummatsskýrsla verði send til Skipulagsstofnunar á allra næstu dögum. Fram komi að samkvæmt endurskoðaðri tímaáætlun sé fyrirséð að mati á umhverfisáhrifum ljúki ekki fyrr en í apríl eða maí árið 2014 og þá taki við vinna við útgáfu starfsleyfis. Umhverfisstofnun telji ljóst að samkvæmt þessari tímaáætlun þá verði nýtt starfsleyfi ekki gefið út fyrr en á seinni hluta ársins 2014. Að mati Umhverfisstofnunar hefur Vopnafjarðarhreppur unnið að undirbúningsráðstöfunum hvað varðar starfsleyfið, m.a. hvað varðar skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum, og er sú vinna ennþá í gangi. Fram kemur að stofnunin hefur skilning á að þessi vinna sé viðamikil og taki almennt langan tíma. Jafnframt kemur fram að reglubundið eftirlit hefur leitt í ljós að rekstur staðarins hefur síðustu ár verið án alvarlegra frávíka. Í ljósi þessa gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að ráðherra veiti Vopnafjarðarhreppi undanþágu frá starfsleyfi sem á meðan lokið er við vinnslu og útgáfu nýs starfsleyfis að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. laganna fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisráhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matskyld. Ráðuneytið telur að framangreint ákvæði 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum takmarki svigrúm ráðherra til að veita undanþágu frá starfsleyfi á grundvelli 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Líta verði svo á að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matskyld verði að liggja fyrir áður en starfsleyfi sé gefið út eða undanþága frá starfsleyfi sé veitt.

Með bréfi hinn 24. febrúar 2014 tilkynnti ráðuneytið að það áformaði að veita ekki

umbeðna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi og veitti færi á að koma sjónarmiðum sveitarfélagsins um framgreint á framfæri.

Í bréfi Vopnafjarðarhrepps hinn 12. maí 2014 er gert grein fyrir álitum Skipulagsstofnunar frá 16. apríl 2014 um mat á umhverfisáhrifum urðunarsvæðisins við Búðaröxl í Vopnafirði. Þar komi fram að Skipulagsstofnun hafi farið yfir matsskýrslu Vopnafjarðarhrepps í samræmi við 10. og 11. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla Vopnafjarðarhrepps byggir á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaaðila til þeirra. Skipulagsstofnun telji að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum sem getið er um í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt telji stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem hafi borist á kynningartíma frummatsskýrslu og að þeim sé svarað á fullnægjandi hátt. Stofnunin bendi á nokkur atriði sem geti dregið úr áhrifum á umhverfið varðandi þá þætti sem taldir séu upp sem mestu áhættuvaldar í framkvæmdinni og nýtingu staðarins sem urðunarstaðar. Þá er í framangreindu bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 12. maí 2014 gert grein fyrir bréfi hreppsins til Umhverfisstofnunar, dags. 23. apríl 2014, þar sem óskað er eftir veitingu starfsleyfis á grundvelli þess að skipulagsferli og mati á umhverfisáhrifum vegna svæðisins sé að fullu lokið. Starfsleyfisumsókn hafi verið send stofnuninni haustið 2012.

Með tölvupósti til ráðuneytisins hinn 23. janúar sl. staðfestir Umhverfisstofnun að málið sé í eðlilegum farvegi og gert sé ráð fyrir útgáfu starfsleyfis í haust. Fram kemur einnig að stofnunin hafi í tölvupósti hinn 22. janúar 2015 sent sveitarfélaginu drög að starfsleyfistillögum. Samkvæmt tillögunni sé veitt undanþága frá gassöfnun á grundvelli afskekktar byggðar, eins og sótt hafi verið um, en aðrar undanþágur séu ekki veittar.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, skipulagsmál eru til lykta leidd og mati á umhverfisáhrifum lokið, staðfestingu um að starfsleyfi sé í vinnslu og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veiti ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Vopnafjarðarhreppur skal uppfylla ákvæði sem fram koma í tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Búðaröxl, sem Umhverfisstofnun sendi sveitarfélaginu með tölvupósti hinn 22. janúar 2015.
2. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem um urðunarstaði gilda.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. nóvember 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir